

Fundargerð

Stjórnarfundur Heyrnarhjálp

2.10.2025

Mannréttindahúsið

Mættir voru: Bergþóra Kristín Benediktsdóttir, Ingólfur Már Magnússon, Kristín Margrét Bjarnadóttir, Kristján Sverrisson og Telma Sigtryggsdóttir

Fjarverandi; Jóna Vestfjörð og Sigrún Magnúsdóttir.

Dagskrá fundar:

1. Upplýsingar um ráðstefnu í Rowaniemi/Finnland á vegum NHS sem formaður fór á í september.
2. Fókus Heyrnarhjálp næstu mánuði
3. Félagatal Heyrnarhjálp
4. Viðburður/fræðsla í tilefni afmælis Heyrnarhjálp þann 14.nóvember næstkomandi
5. Kuðungisgræðsluráðstefna í Brussel 16-17.okt næstkomandi
6. Önnur mál

Fundur settur 16:35

1. Formaður sendi á stjórnarmenn Heyrnarhjálp skýrslu um það sem var fjallað um á ráðstefnu Nordiska Hörselskadedes Samarbetkommitte (NHS). Mikilvægustu punktarnir eru eftirfarandi:
 - Mikilvæg uppbygging á tengslaneti sem fer fram á ráðstefnunni
 - Flest löndin að upplifa langa biðlista vegna skorts á heyrnarfræðingum
 - Flestir eru með virka endurhæfingu fyrir þau sem eiga við heyrnarskerðingu að stríða
 - Allir eru að fá sín heyrnartæki alveg niðurgreidd
 - Finnland er að verða fyrir miklum niðurskurði og þar er þjónusta við heyrnarskerta að fara niður á við
 - Formaður fékk tækifæri til þess að segja frá stöðu heyrnarskerta á Íslandi og þar á meðal því að heyrnartæki væru ekki niðurgreidd að fullu og langt frá því. Í kjölfarið spunnust upp miklar umræður og var formanni lofað að senda yrðu spurningar til Norðulandanna til þess að fá frá þeim mikilvægar upplýsingar varðandi þeirra niðurgreiðslu og þjónustu við heyrnaskerta. Þessar upplýsingar gætu átt eftir að koma að miklu gagni.

Næsta NHS ráðstefna verður 10. – 12. September 2026 í Noregi. Setjum þessa dagsetningu í dagbókina.

2. Fókus Heyrnarhjálp næstu mánuði. Formaður lagði til að Heyrnarhjálp gerði allt til þess að ná til yngri hóps fólks eða til aldursins 18 – 50 ára, Talað var um að erfitt væri að ná til aldursins. Lagt til að reyna að ná til hópsins með samfélagsmiðlum eins og Instagram og Tik Tok. Talað um að fara í auglýsingaherferð og kaupa aðstoð við það. Verðum einnig að styrkja fræðslu til eldra fólksins.

- Athuga hvernig fræðsla fer fram á Norðulöndunum.
- Lagt til að að undirbúa fræðslu fyrir þau sem eru nýlega greind með heyrnarskerðingu og fjölskyldur þeirra.
- Stuðningur við eldra fólk og fólk sem er á dvalarheimili
- Fræðsla til starfsfólks dvalarheimila
- Almenn kynning á hjálpartækjum
- Jafningjastuðningur
- Fræðsla um hvernig lífið heldur áfram, í vinnu, námi og svo framvegis
- Kaupa þjónustu – auglýsingaherferð – tala við Endósamtökin en þær eru nýlega búnar að vera að kynna og auglýsa starfsemi sína
- Fræðsla um heyrnarskerðingu og áframhaldandi nám – hvað er í vændum, hvernig er hægt að auðvelda lífið?

3. Félagatal Heyrnarhjálp.

Starfsmaður Heyrnarhjálp fór nýlega vel í gegnum félagatalið og komst að því að félagar eru samtals 386 og er meðalaldur félaga 68.ára.

Ársgjaldið er í dag 3650kr. Félagsmenn hafa ekki verið rukkaðir síðustu tvö ár. Samþykkt var að senda út rukkun aftur. Valkvæð greiðsla.

4. Fræðsla í tilefni afmælis Heyrnarhjálp þann 14. nóvember næstkomandi. Starfsmaður Heyrnarhjálp bókaði lítin sal í Mannréttindahúsinu þennan dag frá kl. 15:00.
 - Gætum verið með fræðslu um umhirðu tækja
 - Kynning á aukabúnaði fyrir tækin
 - Kynning á félaginu
 - Spurning hvað fólk vill að við gerum og hvað það vill fá frá okkur.

Höfum stuttan fund, minna á greiðslu, veitingar og kynningu/fræðslu.

5. Kuðungsígræðsluráðstefna í Brussel í október

Væri mjög gott að fá aðila á ráðstefnuna sem að gæti verið í framhaldinu talsmaður fyrir þennan hóp fólks innan Heyrnarhjálp. Stutt í ráðstefnuna og ekki víst að við náum að fá einhvern með svona stuttum fyrirvara. Væri gott ef að einn fulltrúi frá Heyrnarhjálp og einn kuðungsígræðsluþegi sem hefði áhuga á að vinna fyrir hagsmuni hópsins.

Hefur verið rætt hvernig við gætum fengið Heyrnahjálpar til þess að koma kuðungsígræðslufólki (um 200 manns) þangað inn sem undirhóp og sannfært þau um nauðsyn þess að vera með virkan málsvara fyrir hagsmuni ígræðsluþega.

Búa til regnhlífasamtök í kringum hópinn, þá hægt að nýta okkur sem aðstoð.

Búa til þau gögn og fræðslu sem vantar. Þarf að ná til hópsins.

Hópnum fjölga um 10 – 15 manns á ári hverju. Samþykkt var að stjórn Heyrnahjálp styrki aðila til þess að fara í ferðina ef að vilji væri fyrir hendi.

6. Önnur mál.

Fengum tölvupóst vegna breytingar BHM á niðurgreiðslu á styrk á heyrnartækjum hjá BHM.

En samkvæmt þeim upplýsingum voru heyrnartæki áður styrkt um 90.000 – 100.000 kr á nokkurra ára fresti. Nú er styrkurinn kominn í flokk með öðrum styrkjum í hópinn “forvarnir og meðferð”.

Það er hægt að sækja um kr 60.000- á ári og þar undir falla styrkir eins og:

- meðferð hjá löggiltu heilbrigðisstarfsfólki
- Þjónusta annarra aðila
- Tannlækningar
- Augnaðgerðir
- Búnaður
- Krabbameinsleit og fl.

Styrkurinn lækkar um 40.000kr og gerir heyrnarskertum ómögulegt að sækja um aðra styrki innan þessa flokks.

Samþykkt var að skrifað yrði bréf til þess að mótmæla þessu harðlega. Hvetja þarf til samræmingar á milli stéttarféлага. Hlutur heyrnartækja hefur farið vaxandi síðustu ár og niðurgreiðsla frá ríkinu hefur verið um 30% af heildarverði.

Styrkurinn er sanngjarn hjá Sameyki, mælast til þess að vera með sömu stefnu og Sameyki.

Talað um að árið 2027 sem að Heyrnarhjálp verður 90 ára að þá höldum við NHS ráðstefnuna.

Talað um að gott væri fyrir starfsmann Heyrnarhjálp að fá kynningu hjá HTÍ.

Skoða samning við bókara okkar og fara yfir.

Talað um stöðu reikninga Heyrnarhjálp og mikilvægi þess að skoða bestu mögulegu ávöxtun.

Fundi slitið 18:30.